

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir vatnsgjald, notkunargjald og heimæðargjald hjá Vatnsveitu Garðabæjar nr. 1221/2018.

1. gr.

Önnur grein gjaldskrárinnar er varðar stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera svohljóðandi:

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,071% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001.

2. gr.

Breytingin á gjaldskránni er samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar 4. desember 2025 samkvæmt 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 til að öðlast gildi við álagningu gjalda árið 2026.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar, 4. desember 2025.

Lúðvík Örn Steinarsson,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

B deild - Útgáfudagur: 9. janúar 2026